Gamankvæði er var í fórum Brynjólfs Melsteð .Kvæðið er um frambjóðendur í Árnessýslu árið 1923 .Höfundur þess var Þórður Kárason bóndi á Litla -Fljóti í Biskupstungum.

Nú heyjanna hvíldin er fengin
og haustið situr við völd
en önnur í garð er gengin
er grípur um strengina öld.
Nú stjórnmálin hugina hefja
frá hversdagsönnum og reyk
þó hver annan vilji þeir vefja
við verðum að fylgja þeim leik.

Á þingstaðinn hópar nú halda
því hér verður ótalmargt sagt
sem þarft sé fyrir óborna og alda
og ef til vill höggvið og lagt.
Og forvitnin vaknar að vonum
og við skulum líta þar inn:
að heyra hvað svellalands sonum
nú segist um þingvilja sinn.

Hann Þorleifur þéttur á velli
stóð þarna og brýndi nú raust,
"já leitt er að laxinn mig felli
sem leynt átti vera mitt traust.
Og þegar eg þings er á bekknum
er þrautseig mín persóna og sling.
Þið kaupið ei köttinn í sekknum
ef kjósið mig næsta á þing."

Hann Magnús var þarna með veldi
og vildi til þingferðalags,
hann sagði ekki komið að kveldi
né kyrrð síns stjórnmáladags.
Og allar eg þarfirnar þekki ,
í þinginu reynst hef eg trúr
fyrst Ísfirðir vildu mig ekki
eg ykkur skal verða sem múr.

Þar Gísli var forkunnar fríður
með fagnaðarerindi nýtt,
hann drottins er dásemdarsmíði

og dæmalaust talar hann blítt.
Eg tryggja vil konur og karla
og kaupa frá örbyrgð og neið
og hinum ef hlotnast að falla
jeg hlaupa við þingmannaleið.

Hann Sigurður gamli okkar góði
nú gjörist í sæti ókyr,
og óskaði hátt og í hljóði
að hann yrði kosinn sem fyrr.
Jeg vitna ei né votta það glaður
hvar verð eg í pólitík næst,
en eg er éi Jónasarmaður
og eg ætla að standa honum fjærst.

Hann Ingimar gæfan oss gefi
að geti hann komist hér að
Jeg messað á Mosfelli hefi
og mkið eg vandað hef það .
Og bolsvikka óttast þarf ekki
þeir eiga ekki ræturnar hér
og þjóðmálin fullvel eg þekki
í þinginu eg kunnugur er. "

Hann Jörundur bauðst fram að bera
fyr brjósti hvað nytsamt er var.
En ónot hann setti í séra
og Sigurð sem meinlaus stóð þar.
"Og Framsókn eg fylgi eins og gengur
og fyrst um sinn verð eg þar kyrr
og vonandi verð eg þar lengur
við völdin en nafni minn fyrr."

En Pál vorn hann vantaði einan
og varð ekki séður í kring,
af því hann sá það um seinan
hvað sjálfsagurð væri hann á þing..
"En við erum ei allir vinir
og vissum til höfuðs mig set,
jeg verð ekki verri en hinir
og vanda mig eins og eg get."

Jeg segi ekki sögur af fleirum
er sást og heyrðist þann dag,
þó allmargt vor legði í eyru
sem eins mætti færa í brag.
Og gæfan oss gefi þá alla
með glóandi framfara bál,
við fengjum þá fyrirtaks kalla
að flytja á þingi vort mál.

Þórður Kárason